

4. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Guðrún Sigríður Egilsdóttir og Kristbjörg Bjarnadóttir

Nemendur: 50

Tímafjöldi: 6 stundir

Menntagildi námsgreinar:

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Íslenskukennslu er í meginatriðum skipt upp í fjóra flokka: Talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og loks málfræði. Lestur er öflugt tæki nemenda til þess að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Í lýðræðisþjóðfélagi er mikilvægt að geta tekið virkan þátt í ýmis konar umræðum, hlustað af athygli og skilið og greint þær upplýsingar sem koma fyrir.

Kröfur samfélagsins til lestrarfærni hafa breyst mikið á undanförunum árum. Mikilvægt er að nemendur nái góðum lestrarhraða en ekki síður að þeir öðlist góðan lesskilning og séu gagnrýnir á þann texta sem lesinn er. Leitast er við að auka leshraða, lesskilning, almennan lestraráhuga og þekkingu á íslenskum bókmenntaarfi með lestri margs konar bókmenntaverka og ritaðra texta. Lestur og ritun tengjast óhjákvæmilega. Til þess að nemendur geti mætt kröfum samfélagsins um að geta tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi þurfa þeir bæði að beina sjónum sínum að sjálfum textanum, efni hans, skipulagi, málsniði og stíl og tæknilegum atriðum eins og skrift, stafsetningu, uppsetningu og frágangi. Í ritunarverkefnum er lögð áhersla á að nemendur setji efni sitt skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, allt frá frjálsri ritun í skipulagðar ritgerðir. Markmið málfræðikennslunnar er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmáli sínu.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

Áherslur í 4. bekk: Lestur og lesskilningur, Litla upplestrarhátíðin.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi getur: • beitt skýrum og áheyrilegum framburði, • tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu, • sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið, • hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni, • átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi, • nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,	• Nemandi les upp ljóð, sögur og / eða stutta texta og fær leiðbeiningar um vandaðan upplestur. • Nemandi er hvattur til þess að tjá skoðanir sínar á efni og ræða mismunandi hliðar málsins. • Menningarstund og árshátíð þar sem allir nemendur koma fram. • Litla upplestrarhátíðin. • Spjall og bekkjarfundir. • Nemandi fer einu sinni í viku í leiklistartíma.	• Leiðsagnarmat sem felst í því að nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.
Lestur og bókmenntir	• valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð, ævintýri og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings og dregið ályktanir, • nýtt góðan orðaforða, þekkingu sína og reynslu til að skilja texta og ráða í merkingu orðs út frá samhengi, • beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr, • beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap, • beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,	• Allir nemendur metnir í lesfimi við upphaf skólaárs. • Nemandi les jafnt og þétt í frjálslastrarbókum yfir allt skólaárið, heima og í skóla og foreldrar / forráðamenn skrá lesturinn í lestrardagbók. • Hljóðlestur. • Ýmsir textar verða lesnir og unnið með þá. • Reglulega verður farið á bókasafnið. • Þematengdir lestrarsprettir. • Ljóðabókin <i>Ljóðsprotar</i> og annað efni frá kennara til fjölbreyttrar vinnu.	• Orðarún 1- lesskilningspróf, tekið að hausti, • Orðarún 2- lesskilningspróf, tekið að vori, • Lesfimiþróf lögð fyrir þrisvar sinnum yfir árið Viðmið í lesfimi við lok 4. bekkjar: 146 orð eða meira á mínútu mjög góður árangur 121-145 orð á mínútu Góður árangur

	• lesið úr táknmyndum og myndrænu efni s.s. einföldum skýringarmyndum og kortum og myndritum, • tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, • aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi, • lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,	• Nemandi er hvattur til að rýna í texta og finna orð sem hann skilur ekki, skrá þau niður og finna merkingu þeirra. • Hvert tækifæri er nýtt til að bæta við orðaforða nemenda t.d. þegar upp koma ný orð úr námsefninu eða almennum umræðum.	81-120 orð á mínútu nokkuð góður árangur 0-80 orð á mínútu nemandi þarfnast aðstoðar • Hafi nemandi ekki náð yfir 80 orðum á mínútu þarfnast hann sérstakrar aðstoðar. Nemandi les aukalega upphátt í skólanum og munu kennari, nemandi og foreldrar / forráðamenn skipuleggja þjálfun og setja markmið. • Leiðsagnarmat sem felst í því að nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.
Ritun	• Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega • nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi • samið texta frá eigin brjósti s.s. sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð • beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi • skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu • skrifað og leyft öðrum að njóta þess • nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,	• Skriftartímar. • Ýmis ritunarverkefni verða unnin í tímum úr ýmsum bókum. • Ritun í atburðabók þar sem áhersla er lögð á vandaðan frágang. • Sögubækur. • Stafsetningarreglur teknar fyrir og unnið með þær á fjölbreyttan hátt t.d. í hópastarfi, með sóknarskrift, hugtakakortum og beinni umskráningu. • Í upplýsingarmennt rita nemendur texta eftir fyrirmynd. • Bekkurinn fer í tölvuverið þar sem áhersla er lögð á ritvinnslu og ýmis kennsluforrit. • Hópastarf.	• Leiðsagnarmat sem felst í því að nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. • Stafsetningarkannanir. • Ritunarverkefni sem metin eru út frá gátlistum.

Málfræði	• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir proska, • þekkt og fundið helstu einingar málsins s.s. bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, • raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag, • gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða, • leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins s.s. margræðni orða og fundið kyn og tölu, • búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta, • greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta, • leikið sér með orð og merkingu s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki, • gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði,	• Unnið í vinnubókum, atburðabók, sögubók og í gegnum leik. • Ýmis verkefni frá kennara. • Ýmsir málfræðitextar verða nýttir við vinnu. • Hugtakakort	• Leiðsagnarmat sem felst í því að nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur. • Stytttri málfræðikannanir sem lagðar eru fyrir jafnt og þétt fyrir skólaárið.
Lykilhæfni	• Sett sér markmið í námi með aðstoð, • leitað og sótt gagnlegar upplýsingar úr ólíkum miðlum, • sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og gert sér grein fyrir gildi ábyrgrar netnotkunar, • unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á,	• Lykilhæfni er þjálfuð í tengslum við ofangreind verkefni og námsleiðir.	• Leiðsagnarmat sem felst í því að nemendur fá leiðsögn og endurgjöf á vinnu sína á meðan á henni stendur.

- | | | | |
|--|---|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none">tjáð hugsanir sínar og skoðanir og sett þær fram á viðeigandi hátt. | | |
|--|---|--|--|

Námsgögn:

- Mál til komið grunnbók og vinnubók.
- Skinna námsbók í móðurmáli og vinnubók 2.
- Ýmis verkefni frá kennara.
- Frjálslestrarbækur.
- Sögusteinn og Kóngar í ríki sínu.
- Danski draugurinn
- Lesrún 2.
- Ljóðsprotar.
- Skrift 4.
- Litla upplestrarkeppnin (ljóð,sögur og söngur).